

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga um samræmda móttöku flóttafólks í Mosfellsbæ 2023

Dags: 22. febrúar 2023

Málsnúmer: 202208758/10.14

Sendandi: Sigurbjörg Fjólnisdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að Mosfellsbær undirriti samkomulag við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks og taki á móti allt að 80 flóttamönnum á árinu 2023.

Greinargerð:

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar 13. október sl. var lagt fram minnisblað undirritaðrar um stöðu vinnu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Í því minnisblaði kom fram vilji sveitarfélagsins til að ganga til samninga en til þess þyrfti annars vegar að tryggja stuðning við börn í skólum sem og að gera breytingar á húsnæðisþætti samningsins. Sú breyting var síðan gerð á kröfulýsingu samningsins að hafi sveitarfélagið reynt til þrautar að útvega húsnæði fyrir einstaklingana megi leita til ríkisins um stuðning vegna þess. Enn fremur var samþykkt að veita sveitarfélögunum um 200.000 kr. á ári vegna flóttabarna á leikskólaaldri og 150.000 kr. vegna barna á grunnskólaaldri.

Á þessum tímamarki hafa sjö sveitarfélög undirritað samkomulag um samræmda móttöku, það er Akureyri, Árborg, Hafnarfjörður, Hornafjörður, Múlaþing, Reykjanesbær og Reykjavíkurborg. Með því að undirrita samkomulag um samræmda móttöku skuldbindur sveitarfélagið sig til að taka á móti þeim fjölda sem samningurinn kveður á um. Sveitarfélagið veitir þá því flóttafólki sem kemur einstaklingsmiðaða þjónustu í samræmi við kröfulýsingu þá sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Sú þjónusta er m.a. aðstoð við öflun húsnæðis og innbús í það, ráðgjöf vegna ýmissa mála, tryggja túlka- og aðra sérfræðiþjónustu, tryggja aðgang að rafrænum skilríkjum og ýmislegt fleira og ber sveitarfélagið ábyrgð á að veita eða tryggja aðgang að þeirri þjónustu.

Ríkið hefur endurgreitt kostnað við framfærslu vegna erlendra ríkisborgara allt að tveimur árum eftir komuna til landsins og á sú endurgreiðsla einnig við í tilfelli samræmdrar móttöku. Er þar um að ræða endurgreiðslur á fjárhagsaðstoð sem og svokallaðar heimildargreiðslur sem eru til dæmis innbússtyrkur, tannlækna- og sálfræðikostnaður og ýmis námskeið. Á fyrsta ári flóttafólks í samræmdri móttöku endurgreiðir ríkið sveitarfélaginu einnig sérstakan húsnæðisstuðning vegna húsaleigu, en flóttafólkið sér sjálft um að greiða annan húsnæðiskostnað sinn eins og húsaleigu.

Fundur var haldinn þann 21. febrúar sl. með forstöðumönnum í Mosfellsbæ þar sem rædd var fyrirhuguð móttaka flóttafólks í sveitarfélagið. Voru forstöðumenn sammála um að verkefnið væri samvinnuverkefni allra í Mosfellsbæ og stofnanir bæjarins gætu vel tekið á móti slíkum hópi, sérstaklega með tilliti til þeirra barna sem kæmu.

Bentu forstöðumenn á að mikilvægt væri að hafa hóp sem myndi vinna þétt með verkefnastjóranum og í sætu fulltrúar leikskóla, grunnskóla, frístundar, félagsþjónustu og barnaverndar.

Í töflunni hér fyrir neðan hafa verið settar inn forsendur fyrir á bilinu 70-80 einstaklinga fyrir þau þrjú ár sem samningurinn kveður á um en greiðslur frá ráðuneytinu miðast við þann fjölda sem kemur til sveitarfélagsins og gerir að auki ráð fyrir að tilgreindur sé bæði hámarks- og lágmarksfjöldi flóttafólks sem sveitarfélagið mun taka á móti á tímabilinu. Efri tölurnar í töflunni vísa þá til 70 einstaklinga og neðri til 80 og miðast við samsetningu af einstaklingum, hjónum og börnum. Upphæðirnar eru umreiknaðar í stöðugildi verkefnastjóra skv. kostnaðarlíkani ráðuneytisins. Ef miðað er við 80 einstaklinga má sjá að gera mætti ráð fyrir greiðslu upp á tæpar 17 mkr. fyrir fyrsta árið sem er rúmlega ígildi stöðu verkefnastjóra. Sú upphæð lækkar síðan á næstu tveimur árum á eftir, í 6,5 mkr. á ári tvö og tæpar 4 mkr. á ári þrjú.

Að auki kæmu til viðbótar greiðslur sem nefndar voru áðan vegna flóttabarna, það er 150.000-200.000 kr. vegna hvers barns, sem gætu því verið á bilinu 4,5 - 6 mkr. á ári sé miðað við 30 börn.

Alþjóðleg vernd -		1. ár		2. ár		3. ár		Samtals 3 ár
Komin til landsins	Fjöldi	Stöðugildi	Greiðslur	Stöðugildi	Greiðslur	Stöðugildi	Greiðslur	
Samtals	70	116%	14.829.350	45%	5.728.823	25%	3.252.140	23.810.313
Einst. án barns	6	23%	2.910.529	9%	1.106.821	6%	737.881	
Hjón án barns	19 (38)	81%	10.320.080	32%	4.089.088	18%	2.336.622	
Pr. barn	26	12%	1.598.741	4%	532.914	1%	177.638	
Samtals	80	131%	16.704.796	50%	6.456.455	29%	3.648.410	26.809.661
Einst. án barns	6	23%	2.910.529	9%	1.106.821	6%	737.881	
Hjón án barns	22 (44)	93%	11.949.566	37%	4.734.734	21%	2.705.562	
Pr. barn	30	14%	1.844.701	5%	614.900	2%	204.967	

Verði gengið til samninga er nauðsynlegt að nýta þær greiðslur sem koma frá ráðuneytinu til að ráða verkefnastjóra inn á velferðarsvið til að sinna hópnum, en stærsta áskorunin verður að útvega viðeigandi húsnæði í sveitarfélaginu, sem verður eitt af hlutverkum verkefnastjórans.

Verði tillagan samþykkt verður hægt að fara um leið í undirritun samnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og samhliða því að leita að starfsmanni til að sinna verkefninu ásamt því að setja saman vinnuhóp með fulltrúum stofnana sem málinu tengjast.

*Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

Fylgiskjöl:

1. Kröfulýsing um þjónustu móttökusveitarfélags, dags. 19.11.2022.
2. Drög að þjónustusamningi um samræmda móttöku flóttafólks.